



FJÖLMÍÐLANEFND

Leiðbeiningar um kvartanir  
til fjölmiðlanefndar og  
rétt til andsvara

Janúar 2018



## Efnisyfirlit

1. INNGANGUR	3
2. HVERJIR GETA KVARTAÐ TIL FJÖLMIÐLANEFNDAR?	4
3. HVAÐA FJÖLMIÐLAR FALLA UNDIR LÖG UM FJÖLMIÐLA?	4
4. HVAÐA MIÐLAR FALLA EKKI UNDIR LÖG UM FJÖLMIÐLA?	4
5. HVERNIG VIRKAR RÉTTUR TIL ANDSVARS?	5
6. ÞARF ÉG AÐ KVARTA TIL FJÖLMIÐILSINS FYRST?	5
7. YFIR HVERJU MÁ KVARTA?	5
8. HVERT OG HVERNIG LEGG ÉG FRAM KVÖRTUN?	7
9. HVAÐ GERIST EFTIR AÐ ÉG HEF LAGT FRAM KVÖRTUN?	8
10. TRÚNAÐUR OG NAFNLEYND	8
VIÐAUKI 1: EYÐUBLAÐ VEGNA KVÖRTUNAR	9
VIÐAUKI 2: LISTI YFIR NÖFN, NETFÖNG OG SKRÁÐRA FJÖLMIÐLA HÉR Á LANDI	16



## INNGANGUR

.....

**L**eiðbeiningar þessar eru ætlaðar öllum notendum fjölmiðla sem hyggjast leggja fram kvörtun til fjölmiðlanefndar, vegna meintra brota á lögum um fjölmiðla eða öðrum lögum sem fjölmiðlanefnd hefur eftirlit með. Í leiðbeiningunum kemur fram hvernig slíkar kvartanir skulu settar fram og hvernig meðferð kvartana hjá fjölmiðlanefnd er hátt- að.

Heimild til að kvarta til fjölmiðlanefndar byggir á 11. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011. Réttur til andsvara byggir á 36. gr. laga um fjölmiðla. Lög um fjölmiðla má nálgast [\[hér\]](#).

Nálgast má eyðublað vegna kvartana á heimasíðu fjölmiðlanefndar [\[hér\]](#). Einnig má óska eftir því að fá eyðublaðið sent í tölvupósti með því að senda fjölmiðlanefnd línu á netfangið [postur@fjolmidlanefnd.is](mailto:postur@fjolmidlanefnd.is) eða í pósti, með því að hafa samband við skrifstofu nefndarinnar í síma 415 0415.

Mælt er með því að þeir sem hyggjast leggja fram kvörtun til fjölmiðlanefndar kynni sér leiðbeiningarnar áður en eyðublaðið er fyllt út og kvörtun lögð fram. Leiðbeiningunum er ætlað að veita yfirsýn yfir framsetningu kvartana til fjölmiðlanefndar, meðferð þeirra hjá nefndinni og valdsvið nefndarinnar. Þær eru ekki tæmandi og eru kvartendur hvattir til að kynna sér gildandi lög og reglur á þessu sviði.



## 2. HVERJIR GETA KVARTAÐ TIL FJÖLMIÐLANEFNDAR?

### Almennar kvartanir til fjölmiðlanefndar

Allir notendur fjölmiðla sem telja að efni fjölmiðla, ritstjórnar- eða auglýsingaefni, brjóti gegn þeim lögum sem um fjölmiðla gilda geta lagt fram kvörtun til fjölmiðlanefndar. Ekki er skilyrði að viðkomandi eigi sjálfir hagsmuna að gæta.

### Réttur til andsvara

Allir sem telja að lögmætir hagsmunir sínir, fyrst og fremst æra eða orðspor, hafi beðið tjón af rangfærslum í fjölmiðli eiga rétt til andsvara í viðkomandi fjölmiðli. Skilyrði er að viðkomandi eigi sjálfir einstaklingsbundinna, lögvarinna hagsmuna að gæta. Beiðni um andsvar ber fyrst að beina til viðkomandi fjölmiðils. Synji fjölmiðillinn beiðninni eða bregðist ekki við henni innan þriggja sólarhringa má beina kvörtun til fjölmiðlanefndar.

## 3. HVAÐA FJÖLMIÐLAR FALLA UNDIR LÖG UM FJÖLMIÐLA?

Allir fjölmiðlar hér á landi sem miðla efni handa almenningi hér á landi, falla undir gildissvið laga um fjölmiðla:

- einkareknir og ríkisreknir miðlar
- sjónvarp (línulegt sjónvarp og myndefni sem er miðlað eftir pöntun)
- útvarp
- prentmiðlar (dagblöð, tímarit, héraðsfréttablöð o.fl.)
- vefmiðlar.

Í lögum um fjölmiðla er þetta orðað með þeim hætti að lögin gildi um fjölmiðla og fjölmiðlaveitur sem hafi „staðfestu hér á landi“. Með orðalaginu „staðfestu hér á landi“ er átt við að fjölmiðillinn hafi sterka tengingu við Ísland, þ.e. að hann hafi aðalskrifstofu sína á Íslandi, og/eða að ákvarðanir um dagskrár-/ritstjórnarefni séu teknar hér á landi og/eða að verulegur hluti starfsfólks starfi hér á landi. Ekki er skilyrði að fjölmiðillinn miðli efni sínu á íslensku til að hann geti fallið undir gildissvið laga um fjölmiðla.

Að auki gilda sérstök lög um Ríkisútvarpið en þar er að finna strangari reglur um auglýsingaefni en í lögum um fjölmiðla. Fjölmiðlanefnd hefur eingöngu eftirlit með 7. grein þeirra laga, sem fjallar um viðskiptaboð. Lög um Ríkisútvarpið má nálgast [\[hér\]](#).

Upplýsingar um skráða og leyfisskylda fjölmiðla hér á landi má nálgast á vef fjölmiðlanefndar, [www.fjolmidlanefnd.is](http://www.fjolmidlanefnd.is)

## 4. HVAÐA MIÐLAR FALLA EKKI UNDIR LÖG UM FJÖLMIÐLA?

Eftirfarandi eru dæmi um miðla sem falla ekki undir gildissvið laga um fjölmiðla:

- persónulegar blogg síður
- samfélagsmiðlar (t.d. Facebook, Instagram og Snapchat)
- mynddeilisíður (t.d. Youtube)\*

\*Þó ber að athuga að þegar ný hljóð- og myndmiðlunartilskipun Evrópusambandsins tekur gildi árið 2018 og verður innleidd í íslensk lög á næstu árum, munu mynddeilisíður væntanlega falla undir gildissviðið en þá eingöngu hvað varðar reglur um vernd barna annars vegar og haturstal hins vegar.



## 5. HVERNIG VIRKAR RÉTTUR TIL ANDSVARS?

Teljir þú að rangt hafi verið farið með staðreyndir í fjölmiðli og að hagsmunir þínir, einkum æra eða orðspor, hafi beðið tjón af því, átt þú rétt til andsvars í viðkomandi fjölmiðli. Beiðni um andsvar skal beint til viðkomandi fjölmiðils, með vísan í 36. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011. Andsvör skulu birt eða þeim miðlað þegar eftir að rök hafa verið færð fyrir beiðni þar um. Fjölmiðillinn skal birta andsvar þannig að eftir verði tekið og er óheimilt að óska eftir greiðslu fyrir birtingu eða miðlun þess.

Synji fjölmiðillinn beiðni þinni um andsvar eða bregðist ekki við henni innan þriggja sólarhringa má beina kvörtun til fjölmiðlanefndar. Afrit af skriflegum samskiptum við viðkomandi fjölmiðil/fjölmiðlaveitu verða að fylgja kvörtuninni. Nefndin tekur þá ákvörðun um hvort þú eigir rétt til andsvars og skal sú ákvörðun fjölmiðlanefndar tekin innan viku frá því að kvartað er til nefndarinnar.

Brot á 1. og 4. mgr. 36. gr. geta bæði varðað stjórnvaldssekt og refsingu, auk þess sem fjölmiðlanefnd er heimilt að leggja dagsektir á þann sem vanrækir að verða við ákvörðun nefndarinnar um skyldu til að birta andsvör. Þá er fjölmiðlanefnd heimilt að ljúka málsmeðferð með birtingu álits eða ákvörðunar.

Vinsamlegast athugaðu að réttur til andsvars er háður því að þú eigir sjálf/ur einstaklingsbundinna, lögvarinna hagsmuna að gæta. Með því er til dæmis átt við það að ærumeiðandi umfjöllun í fjölmiðli varði þig persónulega.

Nánar er fjallað um rétt til andsvars í 36. gr. laga um fjölmiðla, sem nálgast má [\[hér\]](#).

## 6. ÞARF ÉG AÐ KVARTA TIL FJÖLMIÐILSINS FYRST?

Ekki er nauðsynlegt að kvartað hafi verið til fjölmiðils áður en almennri kvörtun er beint til fjölmiðlanefndar.

Ef kvörtun varðar synjun fjölmiðils á rétti til andsvars er nauðsynlegt að beiðni um andsvar hafi verið beint til viðkomandi fjölmiðils, og beiðninni hafi annað hvort verið synjað eða ekki brugðist við henni innan þriggja sólarhringa, áður en kvartað er til fjölmiðlanefndar.

## 7. YFIR HVERJU MÁ KVARTA?

Fjölmiðlanefnd tekur við kvörtunum vegna meintra brota á lögum um fjölmiðla nr. 38/2011 og 7. gr. laga um Ríkisútvarpið nr. 23/2013, um viðskiptaboð (auglýsingaefni) í miðlum Ríkisútvarpsins. Þá tekur nefndin við ábendingum vegna meintra brota á lögum um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum nr. 62/2006. Sjáir þú eða heyrir efni í fjölmiðlum sem þú telur að brjóti gegn framangreindri löggjöf getur þú lagt fram kvörtun til fjölmiðlanefndar. Hér fyrir neðan eru dæmi um þær lagareglur sem fjölmiðlum hér á landi ber að fylgja.

### **a) reglur um hlutlægni og nákvæmni í fréttum og fréttatengdu efni (26. gr. laga um fjölmiðla)**

Fjölmiðlum ber að gæta þess að uppfylla kröfur um hlutlægni og nákvæmni í fréttum og fréttatengdu efni. Krafa um hlutlægni og nákvæmni felur meðal annars í sér að staðhæfingar sem settar eru fram í fréttum og fréttatengdu efni eiga að vera réttar og allar nauðsynlegar upplýsingar verða að koma fram. Framsetning efnis þarf að vera hlutlæg og ekki lituð af persónulegum skoðunum fréttafólks. Ef eitthvað er rangfært í frétt ber að leiðrétta það. Reglur um hlutlægni í fréttum og fréttatengdu efni ganga út á að vernda upplýsingarétt almennings, enda er brýnt að almenningur geti mótað skoðanir sínar og dregið ályktanir út frá réttum og hlutlausum upplýsingum. Engin viðurlög eru við brotum á 26. gr. en fjölmiðlanefnd er heimilt að birta álit vegna brota á ákvæðinu.

### **b) reglur um friðhelgi einkalífs (26. gr. laga um fjölmiðla)**

Eitt af því sem setur tjáningarfrelsi fjölmiðla mörk er friðhelgi einkalífs þeirra sem um er fjallað í



fjölmiðlum. Fjölmiðlum ber að gæta að því að efni sem þeir miðla brjóti ekki gegn rétti einstaklinga til friðhelgi einkalífs, til dæmis með miðlun viðkvæmra persónuupplýsinga.

Engin viðurlög eru við brotum á 26. gr. en fjölmiðlanefnd er heimilt að birta álit vegna brota á ákvæðinu.

**c) reglur um bann við hatursáróðri og hvatningu til refsiverðrar háttsemi (27. gr. laga um fjölmiðla)**

Fjölmiðlar þurfa að tryggja að það efni sem þeir miðla innihaldi ekkert sem talist getur hatursáróður eða hvatning til refsiverðrar háttsemi. Með refsiverðri háttsemi er átt við háttsemi sem er refsiverð að lögum, t.d. ofbeldi. Með hatursáróðri er átt við að fjölmiðlum er óheimilt að kynda með markvissum hætti undir hatri á grundvelli kynþáttar, kynferðis, kynhneigðar, trúarskoðana, þjóðernis eða menningarlegrar, efnahagslegrar, félagslegrar eða annarrar stöðu í samfélaginu.

Brot á banni við hvatningu til refsiverðrar háttsemi geta bæði varðað stjórnvaldssekt og refsingu.

Broti á banni við hatursáróðri geta varðað refsingu. Þá er fjölmiðlanefnd heimilt að ljúka málsmeðferð með birtingu álits eða ákvörðunar.

**d) reglur um vernd barna (28. gr. laga um fjölmiðla)**

Börn eiga rétt á að njóta öryggis og verndar gegn skaðlegu efni í fjölmiðlum. Í 28. gr. laga um fjölmiðla kemur fram að bannað er að sýna sjónvarpsefni sem ekki er við hæfi barna fyrir kl. 22 á föstudögum og laugardögum og fyrir kl. 21 önnur kvöld vikunnar. Fjölmiðlanefnd hefur miðað við að reglan taki til myndefnis sem ekki er við hæfi barna yngri en 12 ára. Þá er óheimilt með öllu að sýna efni sem haft getur alvarleg skaðvænleg áhrif á börn í línulegri dagskrá í sjónvarpi. Í þann flokk fellur fyrst og fremst myndefni með aldursmatið 18, þ.e. klám og myndefni sem sýnir tilefnislaust ofbeldi.

Þá ber fjölmiðlum að tryggja með tæknilegum ráðstöfunum að börn hafi ekki aðgang að sjónvarpsefni, sem ekki er við þeirra hæfi, í myndveitum sem miðla efni eftir pöntun (t.d. VOD þjónustu). Slíkar tæknilegar ráðstafanir geta falist í því að notendur verði að slá inn sérstakt PIN-númer til að fá aðgang að efninu.

Þess skal getið að 28. gr. gildir ekki um fréttir og fréttatengt efni.

Brot á 28. gr. laga um fjölmiðla geta bæði varðað stjórnvaldssekt og refsingu. Þá er fjölmiðlanefnd heimilt að ljúka málsmeðferð með birtingu álits eða ákvörðunar.

**e) reglur um tal og texta á íslensku (29. gr. laga um fjölmiðla)**

Allir fjölmiðlar skulu eftir því sem við á efla íslenska tungu og eiga fjölmiðlar að marka sér málstefnu í því skyni. Hljóð- og myndefni á erlendu máli skal jafnan fylgja íslenskt tal eða texti á íslensku eftir því sem við á hverju sinni. Þetta á þó hvorki við um beinar útsendingar á fréttum eða fréttatengdu efni né flutning erlendra söngtexta.

Brot á ákvæði 29. gr. laga um fjölmiðla geta bæði varðað stjórnvaldssekt og refsingu. Þá er fjölmiðlanefnd heimilt að ljúka málsmeðferð með birtingu álits eða ákvörðunar.

**f) reglur um aðgengi sjón- og heyrnarskertra að myndmiðlunarefni (30. gr. laga um fjölmiðla)**

Fjölmiðlar sem miðla myndefni skulu eins og kostur er leitast við að gera þjónustu sína aðgengilega sjón- og heyrnarskertum auk þeirra sem búa við þroskaröskun. Úrræði til að tryggja aðgengi eru m.a. táknmál, textun og hljóðlýsing.

Engin viðurlög eru við brotum á 30. gr. en fjölmiðlanefnd er heimilt að birta álit vegna brota á ákvæðinu.

**g) reglur um rétt til andsvara (36. gr. laga um fjölmiðla)**

Allir sem telja að lögmatir hagsmunir sínir, fyrst og fremst æra eða orðspor, hafi beðið tjón af rangfærslum í fjölmiðli eiga rétt til andsvara í viðkomandi fjölmiðli. Skilyrði er að viðkomandi eigi sjálfir einstaklingsbundinna, lögvarinna hagsmuna að gæta.

Brot á 1. og 4. mgr. 36. gr. geta bæði varðað stjórnvaldssekt og refsingu, auk þess sem fjölmiðlanefnd er heimilt að leggja dagsektir á þann sem vanrækir að verða við ákvörðun nefndarinnar.



ar um skyldu til að birta andsvör. Þá er fjölmiðlanefnd heimilt að ljúka málsmeðferð með birtingu áhlits eða ákvörðunar. Nánar er fjallað um rétt til andsvara í 5. og 6. hluta í leiðbeiningum þessum.

#### **h) reglur um viðskiptaboð (VI. kafli laga um fjölmiðla)**

Viðskiptaboð er hugtak sem tekur meðal annars til auglýsingaefnis í fjölmiðlum og kostana og vöruinnsetninga í sjónvarpsdagskrá. Reglur um viðskiptaboð er að finna í VI. kafla laga um fjölmiðla. Þar á meðal er reglan um aðskilnað ritstjórnarefnis og auglýsinga, bann við duldum auglýsingum og bann við auglýsingum á áfengi, tóbaki, lyfseðilsskyldum lyfjum og happdrættis- og veðmálastarfsemi sem ekki hefur leyfi hér á landi. Einnig er kveðið á um bann við auglýsingum í kringum barnaefni.

Brot á ákvæðum VI. kafla laga um fjölmiðla geta bæði varðað stjórnvaldssekt og refsingu. Þá er fjölmiðlanefnd heimilt að ljúka málsmeðferð með birtingu áhlits eða ákvörðunar.

#### **i) sérreglur um viðskiptaboð í miðlum Ríkisútvarpsins (7. gr. laga um Ríkisútvarpið)**

Um viðskiptaboð í miðlum Ríkisútvarpsins gilda þrengri reglur en um einkarekna miðla en þær er að finna í 7. gr. laga um Ríkisútvarpið, sem fjölmiðlanefnd hefur eftirlit með. Sem dæmi má nefna að vöruinnsetningar eru óheimilar í dagskrá RÚV og að Ríkisútvarpið má ekki slíta í sundur dagskrárliði í sjónvarpi með auglýsingum, nema þegar um er að ræða útsendingu íbúðarmikilla dagskrárliða eða eign framleiðslu sem er a.m.k. 60 mínútur að lengd.

Brot á 7. gr. geta varðað stjórnvaldssekt. Þá er fjölmiðlanefnd heimilt að ljúka málsmeðferð með útgáfu áhlits sem birt er á vef hennar.

#### **k) lög nr. 62/2006 um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum.**

Lög um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum fjalla um aldursmat og merkingar á kvikmyndum og tölvuleikjum og taka einnig til sjónvarpsþátta, mynddiska o.fl. Aldursmatið er í höndum ábyrgðaraðila og félagsmanna í FRÍSK, Félagi réttthafa í sjónvarps- og kvikmyndaiðnaði. Hægt er að nálgast upplýsingar um aldursmat sjónvarpsþátta og kvikmynda á vefnum [www.kvikmyndaskodun.is](http://www.kvikmyndaskodun.is) sem FRÍSK rekur.

Fjölmiðlanefnd hefur eftirlit með því að ákvæðum laga nr. 62/2006 sé framfylgt. Fáir nefndin vitneskju eða rökstudda ábendingu um að niðurstaða aldursmats á kvikmynd eða tölvuleik sé í andstöðu við lög, óásættanleg með hliðsjón af barnaverndarsjónarmiðum eða að aldursmat hafi ekki farið fram, er henni heimilt að mæla fyrir um stöðvun sýningar og dreifingar kvikmyndarinnar eða tölvuleiksins tímabundið í þrjá sólarhringa. Á meðan bannið varir fer fram sameiginlegt endurmat ábyrgðaraðila og fjölmiðlanefndar á sýningarhæfni efnisins.

Hægt er að koma ábendingum um rangt aldursmat á tölvuleikjum og myndefni, sem sýnt er í kvikmyndahúsum eða sjónvarpi, á framfæri við fjölmiðlanefnd. Hið sama á við ef útlit er fyrir að aldursmat hafi ekki farið fram.

## 8. HVERT OG HVERNIG LEGG ÉG FRAM KVÖRTUN?

Gættu þess að fylla út þá reiti kvörtunarformsins þar sem beðið er um nafn, heimilisfang, kennitölu og netfang. Ef um fyrirtæki, eða annan lögaðila, er að ræða þarf að greina stuttlega frá því hvers konar starfsemi það stundar. Jafnframt þarf að koma fram að hvaða fjölmiðli kvörtunin beinist. Greina þarf frá dagsetningu og tímasetningu miðlunar efnisins, eftir því sem við á, og gefa nákvæma lýsingu á atvikum. Loks þarf að rökstyðja stuttlega hvers vegna atvikið er talið vera brot á lögum.

Þegar þú hefur fyllt kvörtunarformið út sendirðu fjölmiðlanefnd skjalið annað hvort rafrænt, á netfangið [postur@fjolmidlanefnd.is](mailto:postur@fjolmidlanefnd.is), eða í pósti, á heimilisfangið Borgartún 21, 105 Reykjavík.



## 9. HVAD GERIST EFTIR AÐ ÉG HEF LAGT FRAM KVÖRTUN?

Eftir að kvörtun hefur verið lögð fram færðu staðfestingu um móttöku í tölvupósti. Því næst fjallar fjölmiðlanefnd um málið á næsta fundi sínum en fundir nefndarinnar eru yfirleitt haldnir á þriggja vikna fresti. Ef kvörtunin uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru, sbr. lið 9 í leiðbeiningum þessum, tekur fjölmiðlanefnd ákvörðun um hvort erindi þitt gefi nægar ástæður til að hefja málsmeðferð. Í starfsreglum nefndarinnar segir að við mat á því skuli fjölmiðlanefnd hafa hliðsjón af málefnalegum sjónarmiðum sem þykja skipta máli í hverju tilviki fyrir sig. Eftirfarandi atriði geta skipt máli við mat nefndarinnar á því hvort hefja beri rannsókn:

- a. að meint brot virðist alvarlegt,
- b. að fjölmiðlaveita sem kvartað er yfir hafi ekki látið af þeirri hegðun sinni sem var tilefni kvörtunar,
- c. að meðferð málsins fari saman við forgangsöröðun nefndarinnar en skv. 11. gr. laga um fjölmiðla er nefndinni heimilt að raða málum í forgangsöröð.

Telji nefndin að erindi þitt gefi ekki nægar ástæður til meðferðar verður þér tilkynnt um þá niðurstöðu eins fljótt og við verður komið.

Telji nefndin að erindi þitt gefi nægar ástæður til meðferðar hefst viðkomandi stjórnsýslumál. Um málsmeðferðina gilda ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og skulu ákvarðanir fjölmiðlanefndar teknar eins fljótt og við verður komið. Fjölmiðlanefnd er heimilt að ljúka málum með ákvörðun eða álit, sem birt eru á vef nefndarinnar.

## 10. TRÚNAÐUR OG NAFNLEYND

Upplýsingar um viðkvæm einkamálefni einstaklinga og mikilvæga fjárhags- og viðskiptahagsmuni lögaðila, sem sanngjarnt og eðlilegt er að leynt fari, eru alltaf felldar út áður en ákvarðanir eða álit fjölmiðlanefndar eru birtar opinberlega á vef hennar.

Vilji kvartandi í öðrum tilfellum njóta nafnleyndar komi til þess að málinu ljúki með ákvörðun eða álit, sem birt verður á vef fjölmiðlanefndar, og hafi hann gildar ástæður fyrir því, getur fjölmiðlanefnd tekið tillit til slíkra beiðna.

Vilji kvartandi þar að auki njóta nafnleyndar gagnvart þeim fjölmiðli sem kvartað er yfir, við meðferð málsins, og hafi hann gildar ástæður fyrir því, getur fjölmiðlanefnd einnig tekið tillit til slíkra beiðna.





## Eyðublað vegna kvörtunar

til fjölmiðlanefndar vegna meintra brota á lögum um fjölmiðla nr. 38/2011, 7. gr. laga um Ríkisútvarpið nr. 23/2013 og/eða lögum um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum nr. 62/2006.

### TIL UPPLÝSINGA

#### Eyðublað þetta skiptist í fjóra hluta:

Í 1. hluta er óskað eftir upplýsingum um þann sem leggur kvörtunina fram.

Í 2. hluta er óskað eftir upplýsingum um efni kvörtunar.

Vinsamlegast svaraðu spurningum í 3. hluta ef þú hefur lagt fram beiðni um andsvar til fjölmiðils/fjölmiðlaveitu skv. 36. gr. laga um fjölmiðla og fjölmiðlaveitan hefur annað hvort ekki brugðist við beiðni þinni innan tilskilinna tíma-marka (þriggja sólarhringa) eða synjað henni.

Vilji kvartandi njóta nafnleyndar þarf að haka í viðeigandi reiti í 4. hluta og rökstyðja þá beiðni.

Nauðsynlegt er að fylla út alla viðeigandi reiti á eyðublaði þessu. Ef um er að ræða kvörtun vegna framkvæmdar á 36. gr. laga um fjölmiðla um rétt til andsvars verða afrit af skriflegum samskiptum við viðkomandi fjölmiðil/fjölmiðlaveitu að fylgja kvörtun til fjölmiðlanefndar.

Fjölmiðlanefnd hefur gefið út leiðbeiningar um kvartanir til fjölmiðlanefndar og rétt til andsvara. Þar kemur m.a. fram hvernig meðferð slíkra kvartana er almennt háttað hjá fjölmiðlanefnd og hvernig þær skulu settar fram.

Mælt er með því að þeir sem hyggjast leggja fram kvörtun til fjölmiðlanefndar kynni sér leiðbeiningarnar áður en eyðublað þetta er fyllt út og kvörtun lögð fram. Nálágast má skjalið á **heimasíðu fjölmiðlanefndar**.

Einnig má óska eftir því að fá skjalið sent í tölvupósti. Netfang fjölmiðlanefndar er **postur@fjolmidlanefnd.is** og símanúmer nefndarinnar er 415 0415.



## 1. HLUTI

.....

### KVARTANDI

Nafn:

---

Kennitala:

---

Lögheimili:

---

Sveitarfélag:

---

Sími:

---

Netfang:

---

Ef kvartandi er lögaðili (t.d. félag) skal greina stuttlega frá því hér hvers konar starfsemi hann stundar:

---

---



## 2. HLUTI

---

### EFNI KVÖRTUNAR

#### 1. HVAR VAR EFNINU MIÐLAÐ?

Vinsamlega hakaðu í viðeigandi reit/reiti og tilgreindu þann fjölmiðil sem kvörtun beinist að.

- Á Ríkisútvarpinu
- RÚV
- RÚV2
- Rás 1
- Rás 2
- Rondó
- ruv.is

Í ljósvakamiðli, öðrum en Ríkisútvarpinu (einkarekinni sjónvarps- eða útvarpsstöð.)

Nafn fjölmiðils:

---

Í prentmiðli.

Nafn fjölmiðils:

---

Á vefmiðli, öðrum en ruv.is

Nafn fjölmiðils:

---

#### 2. HVENÆR VAR EFNINU MIÐLAÐ?

Dagsetning:

---

Nafn dagskrárefnis/ greinar / umfjöllunar :

---

Tímasetning, ef við á: \_\_\_\_\_

Blaðsíðutal, ef við á: \_\_\_\_\_



### 3. NÁNAR UM EFNI KVÖRTUNAR

#### Vinsamlega hakaðu í viðeigandi reit:

- Kvörtunin varðar efni sem ég sá, las eða heyrði í fjölmiðlum en tengist mér ekki persónulega.**

Öllum er heimilt að kvarta yfir meintum brotum á lögum um fjölmiðla til fjölmiðlanefndar. Fjölmiðlanefnd tekur einnig við kvörtunum vegna meintra brota á 7. gr. laga um Ríkisútvarpið, sem fjallar um viðskiptaboð, og ábendingum um meint brot á lögum um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum nr. 62/2006.

- Kvörtunin varðar umfjöllun um mig og/eða myndir sem birtar voru af mér í fjölmiðli/fjölmiðlum.**

Teljir þú að umfjöllun um þig hafi verið hlutdræg, röng og/eða að brotið hafi verið gegn friðhelgi einkalífs þíns í fjölmiðlum getur þú lagt fram kvörtun til fjölmiðlanefndar.

### 4. LAGAÁKVÆÐI SEM KVÖRTUN VARÐAR

Hvaða lög/ lagaákvæði telur þú að hafi verið brotin með framangreindri fjölmiðlaumfjöllun?

Vinsamlegast hakaðu í viðeigandi reit.

- reglur um hlutlægni í fréttum og fréttatengdu efni (26. gr.)
- reglur um friðhelgi einkalífs (26. gr.)
- reglur um tjáningarfrelsi (26. gr.)
- reglur um bann við hatursáróðri og hvatningu til refsiverðrar háttsemi (27. gr.)
- reglur um vernd barna (28. gr.)
- reglur um tal og texta á íslensku (29. gr.)
- reglur um aðgengi sjón- og heyrnarskertra að myndmiðlunarefni (30. gr.)
- reglur um rétt til andsvara (36. gr.)
- reglur um viðskiptaboð (VI. kafli laga um fjölmiðla og 7. gr. laga um Ríkisútvarpið)
- reglur um flutning myndefnis (VII. kafli laga um fjölmiðla)
- reglur um aðgang almennings að myndmiðlun frá þýðingarmiklum viðburðum (VIII. kafli laga um fjölmiðla)
- lög nr. 62/2006 um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum
- önnur lagaákvæði en að ofan greinir – vinsamlega tilgreinið viðkomandi ákvæði



## 5. ATVIKALÝSING

Gefðu nákvæma lýsingu á atvikum og rökstyddu hvers vegna þú telur atvikið vera brot á lögum.

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

## 6. Er efni kvörtunar þinnar til meðferðar, eða hefur það verið til meðferðar, hjá íslenskum dómstólum?

Já

Nei

Ef svarið er já, vinsamlegast skýrðu nánar:

---

---

---



### 3. HLUTI

---

#### RÉTTUR TIL ANDSVARA

Vinsamlegast fylltu þennan hluta einungis út hafir þú lagt fram beiðni um andsvar til fjölmiðlaveitu skv. 36. gr. laga um fjölmiðla og fjölmiðlaveitan hefur annað hvort ekki brugðist við beiðni þinni innan tilskilinna tímamarka (þriggja sólarhringa) eða synjað henni.

Hvenær var beiðni um andsvar lögð fram til fjölmiðils/fjölmiðlaveitu? (dags./mán./ár)

---

---

Fékkstu svar frá fjölmiðlinum/fjölmiðlaveitunni innan þess tímaramma sem kveðið er á um í lögum um fjölmiðla, þ.e. þriggja sólarhringa?

Já

Nei

Ef svarið er nei getur þú beint erindi þar að lútandi til fjölmiðlanefndar sem tekur ákvörðun um hvort þú eigir rétt á að koma andsvörum á framfæri.

---

---

Eða

Var beiðni þinni hafnað án fullnægjandi rökstuðnings að þínu mati og vilt þú beina erindi þar að lútandi til fjölmiðlanefndar?

Já

Nei

Ef svarið er já, vinsamlegast gerðu nánari grein fyrir erindi þínu og af hverju þú telur að rökstuðningur fjölmiðlaveitunnar fyrir synjun sé ófullnægjandi:

---

---



## 4. HLUTI

---

### NAFNBJRTING / NAFNLEYND

Allar ákvarðanir fjölmiðlanefndar, sem teknar eru á grundvelli kvartana til nefndarinnar, eru birtar opinberlega á vef hennar, [www.fjolmidlanefnd.is](http://www.fjolmidlanefnd.is), þar með talið nafn þess sem leggur kvörtunina fram. Vilji kvartandi njóta nafnleyndar og hafi hann gildar ástæður fyrir því getur nefndin þó tekið tillit til slíkra beiðna.

Vinsamlegast athugið að aðrar upplýsingar um kvartanda, þar með talda heimilisfang, kennitala, símanúmer og netfang, eru eingöngu ætlaðar fjölmiðlanefnd og verða ekki birtar opinberlega eða afhentar til þriðja aðila.

Óskar þú eftir því að njóta nafnleyndar gagnvart þeim fjölmiðli sem kvartað er yfir, við meðferð málsins hjá fjölmiðlanefnd?

Já

Nei

Ef svarið er já, vinsamlegast rökstyddu beiðni þína:

---

---

---

Óskar þú eftir því að njóta nafnleyndar, komi til þess að málinu ljúki með ákvörðun eða áliti sem birt verður opinberlega á vef fjölmiðlanefndar?

Já

Nei

Ef svarið er já, vinsamlegast rökstyddu beiðni þína:

---

---

---

Dagsetning \_\_\_\_\_

Undirskrift \_\_\_\_\_



## LISTI YFIR NÖFN OG NETFÖNG SKRÁÐRA FJÖLMIÐLA

Beiðni um andsvar á grundvelli 36. gr. laga um fjölmiðla skal beint til viðkomandi fjölmiðils. Hér er listi yfir nöfn, netföng skráðra fjölmiðla hér á landi. Listinn miðast við skráða fjölmiðla í desember 2017. Fjölmiðlar sem miðla einungis leiknu efni eftir pöntun (VOD leigur) eru undanskildir.

### Hljóð- og myndmiðlar

<b>Fjarskipti hf. (Vodafone)</b>	Stöð 2	Kvörtunum vegna efni í miðlum Fjarskipta (Vodafone) má koma á framfæri í gegnum vefinn <a href="http://www.vodafone.is">www.vodafone.is</a> . Smelltu á „hafa samband“ neðst á síðunni. Mundu að vísa í 36. gr. laga um fjölmiðla til að tryggja að erindið verði afgreitt innan þriggja sólarhringa.
	Stöð 2 sport	
	Stöð 2 sport 2	
	Stöð 2 sport 3	
	Stöð 2 sport 4	
	Stöð 2 sport 5	
	Stöð 2 sport 6	
	Bíóstöðin	
	Golfstöðin	
	Gullstöðin	
	Krakkastöðin	
	Stöð 3	
	PoppTV X-977	
	Bylgjan	
	Gullbylgjan	
	Létt 96,7	
	FM 95,7	
	FMX Klassík	
	Apparatið	
	FM Extra	
	80's Bylgjan	
<b>Hringbraut miðlun ehf.</b>	Hringbraut	ritstjorn [hjá] hringbraut.is
<b>Kristniboðakirkjan Omega</b>	Omega	faithanytime [hjá] gmail.com
<b>N4 ehf.</b>	N4	n4 [hjá] n4.is





<b>Ríkisútvarpið</b>	RÚV	Kvörtunum vegna efni í miðlum Ríkisútvarpsins má koma á framfæri í gegnum vefinn <a href="http://www.ruv.is">www.ruv.is</a> . Smelltu á „hafa samband“ hlekkinn til hægri á heimasíðunni og veldu „formlegt erindi til RÚV.“ Mundu að vísa í 36. gr. laga um fjölmiðla til að tryggja að erindið verði afgreitt innan þriggja sólarhringa.
	RÚV2 (RÚV Íþróttir)	
	Rás 1	
	Rás 2	
	Rondó	
<b>Síminn hf.</b>	Sjónvarp Símans	<a href="http://palmi[hjá]siminn.is">palmi [hjá] siminn.is</a>
	Síminn Sport	<a href="http://palmi[hjá]siminn.is">palmi [hjá] siminn.is</a>
	Sjónvarp Símans Premium	<a href="http://palmi[hjá]siminn.is">palmi [hjá] siminn.is</a>
	Síminn Bíó	<a href="http://palmi[hjá]siminn.is">palmi [hjá] siminn.is</a>
<b>Árvakur hf.</b>	K100	<a href="http://k100[hjá]k100.is">k100 [hjá] k100.is</a>
	Retro FM89.5	<a href="http://k100[hjá]k100.is">k100 [hjá] k100.is</a>
<b>Boðunarkirkjan</b>	Útvarp Boðun FM 105,5	<a href="http://bodunarkirkjan[hjá]bodunarkirkjan.is">bodunarkirkjan [hjá] bodunarkirkjan.is</a>
<b>Bjarni Jónasson</b>	Úvaff	<a href="http://uvfm[hjá]internet.is">uvfm [hjá] internet.is</a>
<b>Frequency ehf.</b>	Flashback	<a href="http://radio[hjá]radio.is">radio [hjá] radio.is</a>
	FM Xtra	<a href="http://radio[hjá]radio.is">radio [hjá] radio.is</a>
	Kiss FM	<a href="http://radio[hjá]radio.is">radio [hjá] radio.is</a>
	60's Flashback	<a href="http://radio[hjá]radio.is">radio [hjá] radio.is</a>
	70's Flashback	<a href="http://radio[hjá]radio.is">radio [hjá] radio.is</a>
	80's Flashback	<a href="http://radio[hjá]radio.is">radio [hjá] radio.is</a>
	90's Flashback	<a href="http://radio[hjá]radio.is">radio [hjá] radio.is</a>
	FM-Xtra	<a href="http://radio[hjá]radio.is">radio [hjá] radio.is</a>
	Áttan FM	<a href="http://radio[hjá]radio.is">radio [hjá] radio.is</a>
<b>Hans K. Kristjánsson</b>	Útvarp Ás	<a href="http://konrad[hjá]919.is">konrad [hjá] 919.is</a>
<b>Hátíðni hf.</b>	SkjáVarp	<a href="http://info[hjá]hatidni.is">info [hjá] hatidni.is</a>
<b>Hljóðsmárinn ehf.</b>	Tröllli FM	<a href="http://gunnar[hjá]hljodsmarinn.is">gunnar [hjá] hljodsmarinn.is</a>
<b>Léttur ehf.</b>	Suðurland FM	<a href="http://bokhald[hjá]ebkerfi.is">bokhald [hjá] ebkerfi.is</a>
<b>Lindin fjölmiðlun</b>	Lindin útvarp	<a href="http://lindin[hjá]lindin.is">lindin [hjá] lindin.is</a>
<b>Saganet ehf.</b>	Útvarp Saga	<a href="http://saga[hjá]utvarpsaga.is">saga [hjá] utvarpsaga.is</a>



## Prent- og vefmiðlar

<b>247 miðlar ehf.</b>	Dagurinn.is	dagurinn [hjá] dagurinn.is
<b>365 miðlar hf.</b>	Fréttablaðið	frettir [hjá] 365 .is
	Glamour	glamour [hjá] glamour.is
<b>AGO útgáfa slf.</b>	Kópavogsblaðið	ago [hjá] ago.is
<b>Albert Guðmundsson</b>	Eystrahorn	eystrahorn [hjá] eystrahorn.is
<b>Alvarpið</b>	Alvarp.is	ragnar [hjá] hansson.is
<b>Athafnagleði ehf.</b>	Bæjarins besta	bryndis [hjá] bb.is
	BB.is	bryndis [hjá] bb.is
<b>Austurfrétt ehf.</b>	Austurfrett.is	gunnar [hjá] austurfrett.is
<b>Árvakur ehf.</b>	Morgunblaðið	ritstjorn [hjá] mbl.is
	Mbl.is	ritstjorn [hjá] mbl.is
<b>Ásgrímur Sverrisson</b>	Klapptré	ritstjori [hjá] klapptre.is
<b>Ásprent stíll ehf.</b>	Skarpur	skarpur [hjá] skarpur.is
	Skarpur.is	skarpur [hjá] skarpur.is
	Vikudagur	vikudagur [hjá] vikudagur.is
	Vikudagur.is	vikudagur [hjá] vikudagur.is
<b>Birtingur útgáfufélag ehf.</b>	Gestgjafinn	hanna [hjá] birtingur.is
	Hús og híbyli	sigga [hjá] birtingur.is
	Mannlíf	sigridur [hjá] birtingur.is
	Vikan	steingerdur [hjá] birtingur.is
<b>Borgarblöð ehf.</b>	Vesturbæjarblaðið	vestur [hjá] simnet.is
	Breiðholtsblaðið	vestur [hjá] simnet.is
	Nesfréttir	vestur [hjá] simnet.is
<b>Bændablaðið</b>	Bændablaðið	bbl [hjá] bóndi.is
	Bbl.is	bbl [hjá] bóndi.is



<b>Caty Capital ehf.</b>	Heilsutorg.is	ritstjorn [hjá] heilsutorg.is
<b>Confirmed News ehf.</b>	Spyr.is	spyr [hjá] spyr.is
<b>Eiríkur Jónsson ehf.</b>	Eirikurjonsson.is	eir [hjá] eirikurjonsson.is
<b>Elísa Guðrún ehf.</b>	Lifandi vísindi	lifandi [hjá] visindi.is
	Visindi.is	lifandi [hjá] visindi.is
<b>ET miðlar ehf.</b>	Eyjar.net	eyjar [hjá] eyjar.net
<b>EVROPAN Miðlar ehf.</b>	Evrópan	semaerla [hjá] evropan.is
<b>Eyjasýn ehf.</b>	Fréttir	frettir [hjá]eyjafrettir.is
	Eyjafrettir.is	frettir [hjá]eyjafrettir.is
<b>Fálki útgáfa ehf.</b>	Nútíminn	frettir [hjá] nutiminn.is
<b>Fjarskipti hf. (Vodafone)</b>	Visir.is	ritstjorn [hjá] visir.is
<b>Forysta ehf.</b>	Veggurinn.is	vidar [hjá] herkill.is
<b>Fótspor ehf.</b>	Vestri	amundi [hjá] fotspor.is
	Vestfirðingur	amundi [hjá] fotspor.is
	Norðurland	amundi [hjá] fotspor.is
	Austri	amundi [hjá] fotspor.is
	Suðri	amundi [hjá] fotspor.is
	Suðurnesjablaðið	amundi [hjá] fotspor.is
	Vesturland	amundi [hjá] fotspor.is
	Báran	amundi [hjá] fotspor.is
	Hamar	amundi [hjá] fotspor.is
<b>Fótbolti ehf.</b>	Fotbolti.net	fotbolti [hjá] fotbolti.net
<b>Frjáls fjölmiðlun ehf.</b>	DV	ritstjorn [hjá] dv.is
	dv.is	ritstjorn [hjá] dv.is
	Pressan	pressan [hjá] pressan.is
	Eyjan	eyjan [hjá] eyjan.is
	Bleikt	bleikt [hjá] bleikt.is
	Birta	ritstjorn [hjá] dv.is
	433.is	433 [hjá] 433.is



<b>Fröken ehf.</b>	Reykjavík Grapevine	grapevine [hjá] grapevine.is
	Grapevine.is	grapevine [hjá] grapevine.is
<b>Gospel Channel Evrópa ehf.</b>	Gospel Ch. Scandinavia	faithanytime [hjá] gmail.com
	Gospel Channel UK	faithanytime [hjá] gmail.com
<b>Hafþór Hreiðarsson</b>	640.is	vefstjori [hjá] 640.is
<b>Hringbraut miðlun ehf.</b>	Hringbraut.is	ritstjorn [hjá] hringbraut.is
<b>Hönnunarhúsið ehf.</b>	Fjarðarfréttir	fjarðarfréttir [hjá] fjarðarfréttir.is
	Fjarðarfréttir.is	fjarðarfréttir [hjá] fjarðarfréttir.is
<b>iMag ehf.</b>	Iceland Magazine	icelandmag [hjá] 365.is
	icelandmag.com	icelandmag [hjá] 365.is
<b>Í boði náttúrunnar</b>	Í boði náttúrunnar	ibn [hjá] ibn.is
	ibn.is	ibn [hjá] ibn.is
<b>Jón Guðbjörn Guðbjörnsson</b>	Litlihjalli.is	litlihjalli [hjá] litlihjalli.is
		jonvedur [hjá] simnet.is
<b>Keilir útgáfufélag ehf.</b>	Fjarðarpósturinn	ritstjorn [hjá] fjarðarposturinn.is
<b>Kjarninn miðlar ehf.</b>	Kjarninn	kjarninn [hjá] kjarninn.is
	Vísbending	visbending [hjá] kjarninn.is
<b>Kópavogspósturinn ehf.</b>	Kópavogspósturinn	valdimar [hjá] kp.is
<b>Krosseyri ehf.</b>	Midjan.is	sme [hjá] sme.is
<b>Kver ehf.</b>	Timarim.is	timarim [hjá] timarim.is
<b>Lifðu núna ehf.</b>	Lifðu núna	lifdununa [hjá] lifdununa.is
<b>Manova ehf.</b>	Fréttanetið	e [hjá] frettanetid.is
<b>Mantra ehf.</b>	MAN	man [hjá] man.is



<b>MD Reykjavík ehf.</b>	Iceland Review	icelandreview [hjá] icelandreview.com
<b>Mosfellingur ehf.</b>	Mosfellingur	mosfellingur [hjá] mosfellingur.is
<b>Myllusetur ehf.</b>	Viðskiptablaðið	ritstjorn [hjá] vb.is
	Vb.is	ritstjorn [hjá] vb.is
	Fiskifréttir	svavar [hjá] fiskifrettir.is
	Fiskifrettir.is	svavar [hjá] fiskifrettir.is
	Hestablaðið	eidfaxi [hjá] eidfaxi.is
	Hestabladid.is	eidfaxi [hjá] eidfaxi.is
	Frjáls verslun	trausti [hjá] vb.is
<b>Nordic Media ehf.</b>	Local Suðurnes	sudurnes [hjá] sudurnes.net
<b>Nýprent ehf.</b>	Feykir	nyprent [hjá] nyprent.is
	Feykir.is	nyprent [hjá] nyprent.is
<b>Nýtt land ehf.</b>	Tímaritið Herðubreið	herdubreid [hjá] herdubreid.is
<b>Okkar allra ehf.</b>	Spegill.is	spegill [hjá] spegill.is
<b>Olgeir Helgi Ragnarsson</b>	Íbúinn	olgeirhelgi [hjá] islandia.is
<b>Pedromyndir ehf.</b>	Akureyri.net	akureyri [hjá] akureyri.net
<b>Pétur Ásgeirsson</b>	Sport360.is	sport360 [hjá] sport360.is
<b>Poppeople ehf.</b>	Kvennablaðið	kvennabladid [hjá] kvennabladid.is
<b>Prentmet ehf.</b>	Dagskráin-Fréttablað Suðurlands	dfs [hjá] dfs.is
	Dfs.is - Fréttavefur Suðurlands	dfs [hjá] dfs.is
<b>Prentmet Vesturlands</b>	Pósturinn	posturinn [hjá] prentmet.is
<b>Ragnar Z. Guðjónsson</b>	Húnahornið, Huni.is	rzg [hjá] huni.is
<b>Reykjavík Media ehf.</b>	Reykjavík Media	johanneskr [hjá] rme.is
<b>Ritsýn sf.</b>	Kvótinn.is	kvotinn [hjá] kvotinn.is



<b>RS útgáfan sf.</b>	Bæjarlíf	bæjarlíf [hjá] gmail.com
<b>Ríkisútvarpið ohf.</b>	Ruv.is	Sjá leiðbeiningar um kvartanir til Ríkisútvarpsins undir „Hljóð- og myndmiðlar“.
<b>Saganet ehf.</b>	Utvarpsaga.is	saga [hjá] utvarpsaga.is
<b>Sigurður Ægisson</b>	Siglfirdingur.is	sae [hjá] sae.is
<b>Skessuhorn ehf.</b>	Skessuhorn	skessuhorn [hjá] skessuhorn.is
	Skessuhorn.is	skessuhorn [hjá] skessuhorn.is
<b>Skrautás</b>	Grafarvogsblaðið	gv [hjá] skrautas.is
	Árbæjarblaðið	abl [hjá] skrautas.is
<b>Sportmiðlar ehf.</b>	SportTV	sportmidlar [hjá] sportmidlar.is
	Sport.is	sportmidlar [hjá] sportmidlar.is
<b>SportTV ehf.</b>	Sporttv.is	sporttv [hjá] sporttv.is
<b>Steinprent ehf.</b>	Bæjarblaðið Jökull	steinprent [hjá]simnet.is
<b>Sunnenska fréttaveitan ehf.</b>	Sunnenska fréttablaðið	sunnenska [hjá] sunnenska.is
<b>Tunnan prentþjónusta ehf.</b>	DB blaðið	tunnan [hjá] tunnan.is
	Dbl.is	tunnan [hjá] tunnan.is
	Tunnan	tunnan [hjá] tunnan.is
	Tunnan.is	tunnan [hjá] tunnan.is
	Hellan	tunnan [hjá] tunnan.is
<b>Tvær stjórnur ehf.</b>	Sunnenska.is	netfrett [hjá] sunnenska.is
<b>Útgáfufélagið Stundin</b>	Stundin	stundin [hjá] stundin.is
	Stundin.is	stundin [hjá] stundin.is
<b>Valdimar Tryggvi Kristófersson</b>	Garðapósturinn	valdimar [hjá] kp.is
<b>Vesturtindar ehf.</b>	Vikari.is	baldur [hjá] vikari.is
<b>Víkurfréttir ehf.</b>	Víkurfréttir	vf [hjá] vf.is



	Vf.is	vf [hjá] vf.is
<b>Þjóðmál ehf.</b>	þjóðmál	ritstjorn [hjá] thjodmal.is